

Þorbjörn Ingi Stefánsson
Hverfisgötu 49, 220 Hfj.

Til þess er málið varðar,
Bæjarráðs Hafnarfjarðar og eða skipulagsráðs.

Hafnarfirði 18. júní 2019

Efni: Umsókn um stækkun á lóð Hverfisgötu 49 Hfj.


Ég undirritaður, Þorbjörn Ingi Stefánsson, f.h. lóðarhafa Hverfisgötu 49, sbr. heimild þeirra 22. Feb. 2019 sæki hér með um stækkun á lóð Hverfisgötu 49.

Heimilt verði að stækka lóðina til norðurs gegn endurgjaldi og fella undir hana vanhirtan bolla-laga skika í eigu Hafnarfjarðarbæjar sem liggur að lóðinni norðanverðri. Þessi skika er afmarkaður frá öðrum lóðum með hleðslugirðingu (Hverfisg. 47) og klettum (Álfaskeið 38 og 40) en opnast inn í Hverfisgötu 49 lóðina. **Um þetta svæði er gert ráð fyrir göngustíg og yrði kvöð um hann áfram meðfram norðurmörkum svæðisins.** Fordæmi er fyrir því að skikar af þessu tagi séu lagðir undir aðliggjandi lóð. Síðan er hugmyndin sú að sækja um leyfi til byggingar húss á sameinaðri lóð í samráði við Hafnarfjarðarbæ.

Hér er þó aðeins sótt um lóðarstækkun til að byrja með.

Ath. Sameinuð lóð verði áfram ógirtur almenningur (nema sá partur sem hugsanlega félli undir húsbyggingu, ca. 30m²), bærinn hefði áfram a.m.k. 2m breiða leið að vitanum, en undirritaður sæi um lagfæringu á skikanum sem í dag er nánast ógengur og mjög lítt til prýði. Með þessu móti nýtist bollinn sem bæði almenningur og lóð/tekjuöflun fyrir bæinn, sbr. margítrekuð markmið um þéttingu/styrkingu miðbæjarins. AÐ ÓBREYTTU ER HANN ENGUM TIL ÁNÆGJU, ENDA VAR M.A. NÝTTUR UNDIR RUSL OG ER STÓRGRÝTTUR OG ILLGRESINN..

ATH. BOLLINN MYNDI JAFNFRAMT VERA ÖLLUM NÁGRÖNNUM FRJÁLS.



16,54 x 11,69 in